



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.  
Alþingi v/Austurvöll.

Reykjavík, 17. maí 2019

1809290  
0.33.1

Vísað er til erindis frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem óskað er umsagna forsætisnefndar um frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (starfskostnaður), 107. mál þingsins.

Þau atriði sem kveðið er á um í lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað alþingismanna hafa eðli máls samkvæmt fallið undir verksvið forsætisnefndar, sbr. að í lögunum er víða kveðið á um að forsætisnefnd setji nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Forsætisnefnd hefur rætt á fundum sínum að tímabært sé að hefja undirbúning að endurskoðun laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og gera má ráð fyrir að það ákvæði laganna sem fjallað er um í áðurgreindu frumvarpi komi til skoðunar við slíka endurskoðun.

Forsætisnefnd kýs á þessu stigi að tjá sig ekki að öðru leyti um efni frumvarpsins.

FORSETI ALÞINGIS